

Landsmót ÆSKP í Reykjanesbæ 2013

Skýrsla landsmótsstjóra

Landsmótsnefnd ÆSKP 2013 var þannig skipuð: Rakel Brynjólfsdóttir (*landsmótsstjóri*), Þórunn Harðardóttir (*umsjónarmaður vakta*), Guðmundur Karl Einarsson (*tækni og kerfisstjóri*), Hlín Stefánsdóttir (*hópastarfi og karnival*), Þóra Björg Sigurðardóttir (*hæfileikakeppni*), Hafþór Freyr Líndal (*upplýsingaborð og sjoppa*), Svava Ósk Daníelsdóttir (*upplýsingaborð og sjoppa*) og Erla Guðmundsdóttir (*æskulýðsprestur Kef.kirkju og tengiliður í Reykjanesbæ*). Einnig sátu Eva Björk Valdimarsdóttir (*framkvæmdastjóri ÆSKP*) og Sigurvin Jónsson (*ritari ÆSKP*) fundi nefndarinnar. Kristján Ágúst Kjartansson var umsjónarmaður sjálfboðaliðahópsins og tók einnig virkan þátt í starfi nefndarinnar.

Reykjanesbær

Byrjað var snemma að funda með Árna Sigfússyni bæjarstóra Reykjanesbæjar ásamt öðrum ráðamönnum til að kanna aðstæður í bænum. Fljótlega varð ljóst að staðsetningin var mjög góð þar sem mótssvæðið var vel afmarkað. Myllubakkaskóli og Holtaskóli voru bókaðir fyrir gistingu þátttakenda, TM-höllin (íþróttamiðstöð Reykjanesbæjar) var bókuð fyrir almenna mótsdagskrá og Vatnaveröld Reykjanesbæjar tekin frá fyrir hið árlega sundlaugarparty á föstudeginu. Hér er vert að taka fram að bæjaryfirvöld voru okkur einstaklega velviljuð og fengum við allt húsnæði endurgjaldslaust alla helgina sem og allt aðgengi að sundlauginni yfir helgina. Einnig bauð bæjarstjóri okkur að flagga við allar helstu fánaborgir bæjarins og setti það skemmtilegan svip við komu æskulýðsfélaganna á mótið.

Keflavíkirkirkja og KFUM og KFUK

Við allan undirbúning vorum við í nánu samstarfi við Keflavíkirkirkju og alla prestana þar. Sr.Erla Guðmundsdóttir æskulýðsprestur var tengiliður okkar og fylgdist með fundum landsmótsnefndar. Keflavíkirkirkja, safnaðarheimilið Kirkjulundur sem og aðstaða í Grágás var frátekin fyrir okkur alla helgina og var sú aðstaða vel nýtt t.d. í hópastarfinu. Sr.Erla og Sr.Skúli tóku þátt í fræðslunni á laugardeginum og Erla predikaði svo í lokamessu mótsins. Sr.Skúli og Sr.Sigfús B.Ingvason tóku svo að sér helgistundirnar á mótinu. KFUM og KFUK á í nánu samstarfi við Keflavíkirkirkju og fengum við að nýta húsnæði á þeirra vegum fyrir hljómsveitina Tilviljun?. Þátttakendur í starfinu aðstoðuðu einnig við uppröðun í skólunum fyrir mótið.

Matur

Allur matur á mótinu var í höndum MENU sem er starfrækt í Reykjanesbæ. Sáu þeir um allar máltíðir á mótinu og voru 2-3 starfsmenn frá þeim á staðnum á matmálmótum. Á sunnudeginum var venjulegur morgunmatur fyrir brottför en þeir hópar sem komu lengst að stoppuðu í Grafarvogskirkju og fengu flatbökur áður en haldið var áfram.

Tæknimál

Tæknimál mótsins voru í höndum DB-hljóðs og var Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson í forsvari þar.

Rútur

Hóperðir Inga sáu um að koma þátttakendum til og frá mótsstað líkt og sl.ár. Á heimleiðinni fór ein rútan útaf veginum en sem betur fer urðu engin slys á fólki. Í rúttunni voru þátttakendur og leiðtogar frá Selfossi og Skálholti. Landsmótsnefnd og stjórn ÆSKP hafði samband við prestana á þessum stöðum og séð var til þess að vel var tekið á móti hópunum þegar þau komu á leiðarenda.

Upplýsingar f.mót og skráning

Sendar voru út upplýsingar í tölvupósti reglulega. Einnig voru allar upplýsingar vel aðgengilegar inni á heimasíðu sambandsins og leiðtogum bent þangað. Skráning á mótið fór fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi líkt og sl.ár. Innskráning hópa á mótið fór einnig fram rafrænt.

Sjálfbóðaliðahópur

15 manna sjálfbóðaliðahópur starfar við landsmót í samstarfi við landsmótsnefnd. Þetta eru 17 ára krakkar sem leggja mikla vinnu á sig við uppröðun fyrir og eftir mótið sem og óteljandi störf á meðan á mótinu stendur.

ENERGÍ OG TRÚ og Hjálparstarfið

Í ár hófði landsmót til nærsamfélagsins og umfjöllunarefnið var fátækt á Íslandi. Yfirskrift mótsins var **ENERGÍ OG TRÚ** en hún er fengin frá samnefndu verkefni á vegum Keflavíkurkirkju. Söfnun landsmóts var því miðuð að innanlandsaðstoð. Ákveðið var að allur peningur sem safnaðist myndi renna í Framtíðarsjóð Hjálparstarfs kirkjunnar. Sjóðurinn styður ungmenni á aldrinum 16-20 ára til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem leiðir til starfsréttinda eða opnar leið til háskólanáms. Sjóðurinn tryggir að nemandi fái aðstoð við að greiða námsgögn, skólagjöld, kaupa tölvu eða greiða annað sem gæti orðið efnaminni nemendum hindrun í að ljúka námi. Menntun eykur líkur á öruggri framfærslu og farsælu lífshlaupi.

Samtals söfnuðust 746.367. Þar af voru 362.338 hagnaður sjoppu og karnivals. Vopnafjörður safnaði 70.000 krónum í Vinavíkunni f.mótið og Austurland safnaði 314.000 krónum með bingói f.mótið.

Dagskrá mótsins

Umgjörð mótsins var með svipuðu sniði og verið hefur. Agnes M.Sigurðardóttir biskup Íslands setti mótið á föstudeginum og Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti sleit mótinu. *Sundlaugarparty* á föstudeginum heppnaðist vel og á sama tíma var *lofgjörðarstund* og *vídjó* fyrir þá sem það vildu. *Hæfileikakeppnin* hefur verið í endurmótun sl.ár og tekist hefur vel til að mati landsmótsnefndar. Í ár var engin undankeppni heldur bara ein keppni sem haldin var eftir Karnivalið á laugardeginum. Einnig gátu félögin greitt atkvæði og haft 50% vægi á móti dómnefnd og var það vel. *Hópastarf og karnival* gekk að mestu leiti vel og var dagskráin þar fjölbreytt og skemmtileg. Bæjarbúar gátu

komið og gert sér glaðan dag, keypti veitingar og handgerða muni. *Hvíslhornið* var í höndum Sr.Sigríðar Rúnar Tryggvadóttur og mældist það vel fyrir líkt og fyrri ár. *Tónlist* var í styrkum höndum Tilviljunar? og hefur samstarfið við þau blómstrað með hverju árinu. *Kaffihorn leiðtoga* var í höndum Margrétar Ólafar Magnúsdóttur og gátu leiðtogar fengið sér kaffisopa og tekið sér smá pásu frá erli mótsins. *Fræðslan* var í höndum Sigurvins L.Jónssonar og fékk hann til liðs við sig Vilborgu Oddsdóttur frá Hjálparstarfinu, Erlu og Skúla presta í Keflavíkirkirkju ásamt hóp innan KFUM og KFUK sem vinnur verkefnið STOP POVERTY.

Mótið í tölum

Þáttakendur á landsmóti : 505 talsins og komu frá 34 kirkjum.

Leiðtogar: 94

Sjálfboðaliðahópur: 15

Landsmótsnefnd: 8

Stjórn ÆSKP utan landsmótsnefndar: 5

Umsjónarmaður sjálfboðaliðahóps (Kristján Ágúst Kjartansson): 1

Umsjónarmanneskja uppvasks (Þóra Jenny Benónýsdóttir): 1

Tilviljun?: 10

Tæknimenn: 2

Hljóð og myndvinnsla: 2

Hönnun á veggspjaldi f.mót og Karnival (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir): 1

Umsjónarmenn hópa (utanaðkomandi/ekki leiðtogar): 9

Prestar Keflavíkirkirkju: 3

Biskupar: 2 ☺

Starfsfólk MENU: 3

Stop Poverty hópurinn: 3

Hjálparstarfið: 2

Húsverðir skólanna: 2

Starfsfólk íþróttahúss: 4

Samtals: 672

Þá er ótalið ótalmargt fólk sem með einum eða öðrum hætti hjálpaði okkur að gera landsmót að veruleika, starfsfólk sundlaugarinnar, bílstjórar og fleiri.

Lokaorð

Í heildina séð er ég virkilega sátt með mótið og þakklát öllum þeim sem að mótinu komu á einn eða annan hátt. Leiðtogar eiga stóran þátt í að gera mót sem þetta mögulegt og við erum svo sannarlega rík af góðu fólki. Samstarf við Reykjanesbæ var í alla staði gott og hvar sem við komum mætti okkur velvild og vinátta. Í því samhengi vil ég sérstaklega nefna nöfn Árna Sigússonar bæjarstjóra og Erlu, Skúla og Sigfús presta í Keflavíkirkirkju. Allir starfsmenn bæjarins voru boðnir og búnir að aðstoða okkur bæjarfélagsins sem alltaf var boðinn og búinn að aðstoða okkur og leystu úr öllum þeim málum sem upp komu. Starfsfólk skólanna, sundlaugar og íþróttahúss fá einnig góðar þakkir fyrir velvild og yndislegheit. Landsmót ÆSKP 2013 í Reykjanesbæ var einstaklega vel heppnað mót sem við öll getum verið stolt af.

Rakel Brynjólfsdóttir, landsmótsstjóri ÆSKP 2013